

152. löggjafarþing 2021–2022.  
Þingskjal 267 — 3. mál.  
3. umræða.

## Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum  
vegna fjárlaga fyrir árið 2022.

Frá Bergþóri Ólasyni.

1. 1. gr. orðist svo:

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Ráðherra skal endurskoða fjárhæð og tilhögun kolefnisgjalds skv. I. kafla með hliðsjón af skýrslu Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, Áhrif kolefnisgjalds á eldsneytisnotkun, frá júní 2020, og leggja fram lagafrumvarp eða gera Alþingi grein fyrir þeirri endurskoðun eigi síðar en 1. mars 2022.

2. Í stað fjárhæðarinnar „2.400.000 kr.“ í a- og b-lið 19. gr. komi: 6.000.000 kr.

3. Á undan 60. gr. komi ný grein, svohljóðandi:

Í stað ártalsins „2021“ í 1. tölul. 3. mgr. og 1. tölul. 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XXIV í lögunum kemur: 2022.